

Hachette Filipacchi Associés („Ici Paris“) gegn Frakklandi

Dómur frá 23. júlí 2009

Mál nr. 12268/03

10. gr. Tjáningarfrelsi

Friðhelgi einkalífs. Fjölmíðlar. Birting ljósmynda.

1. Málsatvik

Kærandi, Hachette Filipacchi Associés er franskt útgáfufyrirtæki, með skráð aðsetur í Levallois-Perret í Frakklandi. Þann 13. nóvember 1996 birtist í tímaritinu *Ici Paris*, sem kærandi gefur út, grein sem fjallaði m.a. um ætluð fjárhagsvandamál söngvarans Johnny Hallyday og öfgakenndan lífsstíl hans. Með greininni fylgdu fjórar myndir af söngvaranum, m.a. þar sem hann stóð á sviði, ásamt auglýsingum fyrir vörur sem hann hafði lagt nafn sitt og ímynd við.

Þann 4. mars 1997 höfðaði söngvarinn mál gegn útgáfufyrirtækinu og krafðist þess að viðurkennt yrði að það hefði með umfjöllun sinni brotið gegn friðhelgi einkalífs hans. Kröfum hans var vísað frá dómi, þar sem aðeins hefði verið minnst á eignir söngvarans, fjárhagslegar ráðstafanir hans væru á allra vitorði og hann hefði sjálfur margsinnis greint frá, m.a. í sjálfsævisögu sinni. Málinu var síðar vísað til áfrýjunardómstóls Versala, sem taldi að birting myndanna hefði ekki verið í samræmi við tilgang þeirra auglýsinga sem söngvarinn hefði lagt ímynd sína við og að þær upplýsingar sem fram komu í greininni brytu gegn friðhelgi einkalífs hans. Var kærandi dæmdur til að greiða söngvaranum 20.000 evrur í skaðabætur ásamt málskostnaði. Áfrýjun kæranda náði ekki fram að ganga.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að niðurstaða dómstóla hefði brotið gegn rétti hans til tjáningarfrelsis samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn féllst ekki á þá röksemd ríkisins að þar sem um einkaréttarlegan ágreining væri að ræða félli hann utan lögsögu hans. Taldi dómstóllinn að niðurstaða málsins hefði augljóslega falið í sér takmörkun á rétti kæranda til tjáningarfrelsis.

Mælt hafði verið fyrir um takmörkunina í lögum og hún stefnt að lögmætu markmiði, þ.e. að vernda rétt söngvarans til friðhelgi einkalífs síns. Var því hlutverk dómstólsins að skera úr um þau grundvallarréttindi sem vógust á, þ.e. rétt kæranda til tjáningarfrelsis og rétt söngvarans til friðhelgi einkalífs síns.

Dómstóllinn lagði sérstaka áherslu á þá staðreynd að ljósmyndirnar, sem birtar voru með greininni, hefðu verið fengnar úr auglýsingum með söngvaranum. Væri því málið aðgreinanlegt frá öðrum þeim málum, þar sem ljósmyndir hefðu verið fengnar með umdeilanlegum aðferðum eða brotið gegn friðhelgi einkalífs hins umrædda einstaklings.

Jafnframt lagði dómstóllinn áherslu á að söngvarinn hefði í sjálfsævisögu sinni sjálfur greint frá íburðarmiklum og kostnaðarsömum lífsstíl sínum. Hefði það dregið úr þeirri vernd einkalífs hans sem hann átti annars rétt á. Við mat á ábyrgð kæranda hefði innlendum dómstólum borið að taka þá staðreynd til greina.

Að lokum tók dómstóllinn fram, að þó svo greinin hefði verið neikvæð fyrir söngvarann, hefði ekki verið um að ræða neikvæð ummæli eða ásetning kæranda til að skaða orðspor hans. Hefði því kærandi ekki farið yfir takmörk þess frelsis, sem fjölmíðlar njóta í lýðræðislegu þjóðfélagi í umfjöllun sinni.

Þar sem ekki hefði verið gætt sanngjarns jafnvægis milli þeirra réttinda sem rákust á við skerðingu tjáningarfrelsis kæranda, komst dómstóllinn að einróma niðurstöðu um að brotið hefði verið gegn rétti kæranda samkvæmt 10. gr. sáttmálans. Í samræmi við 41. gr. sáttmálans voru kæranda dæmdar 26.000 evrur í skaðabætur og 10.000 evrur vegna málskostnaðar.